



24. janúar 2014
Tilv. 1312149

Garðar Gíslason hdl.
LEX Lögmannsstofa
Borgartúni 25
105 Reykjavík

Efni: Beiðni um aðgang að gögnum.

Seðlabanki Íslands vísar til erindis yðar f.h. Samherja hf., dags. 16. janúar sl., þar sem óskað er eftir því að umbjóðanda yðar verði veittur aðgangur að öllum gögnum þess máls sem bankinn hafi rannsakað og síðan kært til embættis sérstaks saksóknara þar sem það hafi hlotið málnúmerið 090-2013-56. Nánar tiltekið óskið þér eftir að bankinn veiti umbjóðanda yðar aðgang að beiðnum um haldlagningu gagna umbjóðanda yðar hjá Þekkingu-Tristan hf., ásamt fylgigögnum, auk gagna er lúta að tilurð málsins og samskiptum við önnur stjórnvöld. Jafnframt er gerð krafa um afrit af eða að fulltrúar umbjóðanda yðar verði veittur skoðunaraðgangur að þeirri eða þeim skrá (log skrá) úr skjalavistunarkerfi Seðlabanka Íslands (One systems) þar sem haldið sé utan um gögn og samskipti vegna málsins. Þá er óskað aðgangs að stöðubreytingum málsins í málaskráarkerfi bankans.


Þann 13. janúar sl. var yður afhent, f.h. umbjóðanda yðar, kæra Seðlabanka Íslands, dags. 10. apríl 2013 og fylgiskjöl ásamt bréfi embættis sérstaks saksóknara um endursendingu málsins. Í samræmi við þagnarskylduákvæði 35. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, 17. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 15. gr. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál, voru upplýsingar rekjanlegar til einstakra aðila að útflutningsviðskiptum, annarra en umbjóðanda yðar, afmáðar. Til stuðnings beiðni yðar er meðal annars vísað til 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og ákvæða upplýsingalaga nr. 140/2012, einkum 14. gr. þeirra laga og ákvörðunar ríkissaksóknara 25. nóvember sl. þar sem lagt var fyrir embætti sérstaks saksóknara að veita umbjóðanda yðar aðgang að gögnum í umræddu máli.


Að gefnu tilefni skal tekið fram að þegar Seðlabankinn hefur kært tiltekið mál til embættis sérstaks saksóknara fellur kæran og þau gögn sem henni fylgja utan upplýsingaréttar aðila máls á grundvelli 6. mgr. 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, þar sem þessi gögn teljast þá til rannsóknar sakamáls, sbr. einnig 3. mgr. 16. gr. b. laga nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Líkt og yður er nú kunnugt um var endursending

málsins til Seðlabankans grundvölluð á annmarka á formi en ekki efni. Málinu var hvorki efnislega lokið né það fellt niður. Upplýsingaréttur aðila máls samkvæmt 6. mgr. 15. gr. stjórnáslulaga kemur einungis til skoðunar eftir að endanlegur dómur gengur, þegar ákvörðun hefur verið tekin á grundvelli 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála, um að vísa kæru frá eða hætta rannsókn sem þegar er hafin, mál hefur verið fellt niður skv. 145. gr. laganna eða fallið hefur verið frá saksókn skv. 146. gr. sömu laga. Ekkert af framangreindu á við um mál það sem hlaut málnúmerið 090-2013-56 hjá embætti sérstaks saksóknara. Í erindi yðar er jafnframt vísað til ákvæða upplýsingalaga nr. 140/2012, einkum 14. gr. laganna. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laganna gilda þau ekki um aðgang að upplýsingum samkvæmt stjórnáslulögum og kemur því ekki til álita að afgangur erindi yðar á grundvelli þeirra laga.

Við yfirferð þeirra gagna sem látin voru yður í té, f.h. umbjóðanda yðar, þann 13. janúar sl. hefur komið í ljós að afhending kafla sem bera heitin *réttarfarsgögn* og *meðferð halds* í fylgiskjölum við þegar afhenta kæru hefur misfarist. Samkvæmt upplýsingum frá embætti sérstaks saksóknara eru þetta gögn sem þegar hafa verið afhent umbjóðanda yðar. Þar með eru rannsóknarhagsmunir ekki lengur til staðar og verða þau gögn afhent, sé þess óskað. Til svars við erindi yðar að öðru leyti vísast til framangreindra raka og synjar Seðlabanki Íslands beiðni yðar um umbeðin aðgang umfram þau gögn sem þegar hafa verið afhent. Seðlabanki Íslands hefur sent embætti sérstaks saksóknara kæru að nýju vegna þeirrar háttsemi í starfsemi umbjóðanda yðar sem talið er að hafi brotið gegn lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál og reglum settum á grundvelli þeirra. Um aðgang að gögnum í máli sem er rannsakað af embætti sérstaks saksóknara gilda ákvæði IV. kafla laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Ingibjörg Guðbjartsdóttir
frkvstj. gjaldeyriseftirlits


Rannveig Jónúsdóttir
forstm. rannsóknara